

## ÓSANNINDI ÚTSKÝRÐ NÁNAR

Þó svo að ósamræmið í svörum G á IQCODE spurningalistum miðað við svör hennar fyrir héraðsdómi útskýri sig sjálf þá þykir mér rétt að skýra það aðeins nánar. G varð alveg tvísaga um mat hennar á vitskerðingu eða vitsmunum K. Hún lýsti K sem mjög vitskertri á árunum 2009 og 2011, en með fulla vitsmuni árið 2013.

Aðspurð fyrir héraðsdómi þann 30. apríl 2013 um það hvort og hvernig hún hefði fyllt út spurninglista um K vegna alzheimergreiningar á Landakoti, svaraði G svona:

Bara hvernig hún væri. Já, mér fannst hún bara vera hérna, ég, maður finnur fyrir að hún er farin að gleyma nýminni, en hún er algjörlega með alla rökhugsun og allt þannig í lagi.

Orðin „algjörlega með alla rökhugsun og allt þannig í lag“ eru mjög athyglisverð, svo ekki sé meira sagt.

G bætti svo um betur og gaf það sem dæmi um það hve K væri heil á vitsmunum um vorið 2013 að þá stæði K „alveg ein í öllum framkvæmdum“ við það að gera upp íbúðarhús, það er að leggja hita í gólf, flísaleggja það og fleira. Þetta hús var þá alfarið í eigu G. Því húsi hafði K, sem greind var með alzheimersjúkdóm í ársbyrjun 2010, afsalað sér til G með undirritun á skiptayfirlýsingu þann 11. október 2011. Hver trúir því að K hafi svo staðið fyrir öllum framkvæmdum við breytingar þar? Þessu hélt G fram fyrir rétti, og það áminnt um sannsögli að viðlagðri refsingu fyrir rangan framburð.

Þessi vitnisburður G stangast beint á við það hvernig hún mat alvarlega vitskerðingu hjá K á árunum 2009 og 2011. Það var þegar G fór með K í alzheimergreiningu. Engin leið er til að vita hvort taka á mark á orðum G á árunum 2009 og 2011 eða á vitnisburði hennar fyrir rétti 2013.

Og ekki nóg með það. G skrifaði í ársbyrjun 2011 orðsendingu til þess sérfræðings í klínískri taugasálfræði sem sá um greiningu á vitsmunum K. Þar segir G um K:

Í rauninni er allt mun verr en þar sem hún hefur alltaf verið gjörn á að týna hlutum og vita ekki hvar hún hefur lagt þá frá sér er erfitt að meta það.

Ég vek sérstaka athygli á upphafsorðunum, „Í rauninni er allt mun verr“ sem þýða að K hafi að álitu G í raun átt að fá hæstu einkunn á vitskerðingu á öllum atriðum sem spurt var um.

Þann sama dag hafði G svarað IQCODE spurningalista þannig að K fékk háa einkunn á vitskerðingu eða 4.37 af 5 mögulegum. Einkunnin 4.37 telst með hæstu einkunnum á vitskerðingu sem aðstandendur sjúklinga gefa við mat á vandamönnum sínum, samkvæmt því sem taugasálfræðingurinn staðfesti í vitnisburði fyrir héraðsdómi.

G virðist samkvæmt orðsendingunni til sálfræðingsins hafa talið svör sín á listanum gefa vanmat á vitskerðingu K og viljað bæta við. Hið rétta væri að K ætti að fá „allt mun verr“ á öllum liðum listans. Raunverulega ætti K því að fá hæstu heildareinkunn á vitskerðingu, það er einkunnina 5 af 5 mögulegum. En hvað var hið rétta mat G á vitskerðingu K? Var það upp á 4.37 eða 5? Gat K réttilega verið með báðar þessar einkunnir?

G bætti svo enn við meinta vitskerðingu K með því að segja í orðsendingunni til sálfræðingsins að K hafi „alltaf átt erfitt með að lesa, enda örugglega lesblind. Ég finn hins vegar ótrúlega mikla breytingu á henni. Kær kveðja, Guðrún Soffía Karlsdóttir (sign).“ Það munar ekki um það. Vitskerðing K í huga G sprengir hreinlega skalann og fer úr 4.37 eða 5 og upp í 5+.

Eftir allt þetta ætlast G til þess að menn trúu því að K hafi svo um vorið 2013 verið „algjörlega með alla rökhugsun og allt þannig í lagi“. Er einhver vitglóra í þessu? Það get ég ekki séð, *nema um hafi verið að ræða einstakt lækniþfræðilegt afrek eða hreinlega kraftaverk þar sem fyrsti alzheimersjúklingurinn í heiminum náði bata*. Því miður var það ekki raunin.

Þegar G vitnaði í réttinum þann 30. apríl 2013, lá ekki fyrir vitnisburður taugasálfræðingsins um það hvernig hún hafði fyllt út IQCODE listana. Skömmu síðar þann sama dag lá það ljóst fyrir, þ.e. eftir vitnisburð sálfræðingsins, og um leið að G hafði sagt réttinum ósatt. Á þeim ósannindum tóku hvorki héraðsdómur né hæstiréttur. Þó að á ósannindin hafi verið bent kusu báðir dómstólarnir að líta framhjá þeim. Ég kann ekki skýringu á því.

Ofan á þetta hélt G fram í réttinum þeim ósannindum að það hefði verið H systir hennar sem búið hefði það til að K væri með alzheimersjúkdóm. Ja, þvílíkt og annað eins. Ef þetta er nú ekki það að snúa sannleikanum á hvolf þá veit ég ekki hvað. Fyrir þessu hafði hún að sjálfsgöðu engin rök, en framhjá því litu dómstólarnir.

Ljóst er að mat G fyrir rétti á því K hefði fulla vitsmuni á árinu 2013 samræmist alls ekki mati G á því að K væri mjög vitskert á árunum 2009 og 2011. Með ósannindum þessum gerði G sig ómarktæka. Uppvíst er um ósannindi hennar. Enginn hefur getað svarað fyrir þau. Málið er vandræðalegt fyrir suma. Reynt hefur verið að þagga þetta niður og það með nokkrum árangri.